

# Matsrammi fyrir lesfimi: Leiðbeiningar um notkun

Matsrammi fyrir lesfimi:  
Leiðbeiningar um notkun

ISBN 978-9979-0-2689-1

©2021 Guðbjörg R. Þórisdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Yfirlestur og ráðgjöf: Auðun Valborgarson, Auður Björgvinsdóttir, Katrín Ó. Þráinsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2021 rafræn

2. útgáfa 2024 rafræn

3. útgáfa 2025 rafræn

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

## Efnisyfirlit

|                                              |    |
|----------------------------------------------|----|
| Formáli 3. útgáfu . . . . .                  | 4  |
| Hvað metur lesfimiþróf Matsferils? . . . . . | 4  |
| Mikilvægi góðs lestrarlags . . . . .         | 4  |
| Hvenær á að nota rammann? . . . . .          | 5  |
| Lesfimin metin . . . . .                     | 5  |
| Val á texta . . . . .                        | 5  |
| Framkvæmd við mat . . . . .                  | 6  |
| Stigagjöf . . . . .                          | 7  |
| Bakhlið matsrammans . . . . .                | 7  |
| Skil á námsmati í lesfimi . . . . .          | 8  |
| Læsisvefurinn . . . . .                      | 8  |
| Niðurlag . . . . .                           | 9  |
| Textasafn . . . . .                          | 10 |
| Matsrammi fyrir lesfimi . . . . .            | 23 |
| Heimildaskrá . . . . .                       | 25 |

## Formáli 3. útgáfu

Þessar leiðbeiningar koma nú út í þriðja sinn þar sem endurskoðun á lesfimiþrófinu hefur staðið yfir og leiðbeiningarnar þurft að taka mið af henni. Lesfimiþrófið verður nú hluti af nýjum Matsferli sem tekur við af Skólagátt. Fyrri lesfimiviðmið MMS hafa verið felld úr gildi og nú verða niðurstöður á lesfimiþrófi gefnar upp í lesnum orðum á mínútu, eins og áður, en einnig í mælitölum. Gerðar hafa verið breytingar á sjálfvirknihluta matsrammans fyrir lesfimi í samræmi við þetta.

Með notkun matsramma í lesfimi tryggja kennarar að allir þættir lesfiminna séu teknir fyrir bæði í kennslu og þjálfun. Því eru þeir, nú sem fyrr, hvattir til að nýta rammann þar sem notkun hans getur ýtt undir fjölbreytni í lestrarnámi.

## Hvað metur lesfimiþróf Matsferils?

Lesfimiþróf Matsferils metur fyrst og fremst sjálfvirkni og nákvæmni eða flæði við lestur eins og kemur skýrt fram í fyrirmælum til nemenda þegar matið er lagt fyrir („*Lestu eins hratt og vel og þú getur*“). Orðið „vel“ vísar hér til lestrarnákvæmni þar sem hún, ásamt lesnum orðum á mínútu, liggur til grundvallar útreikningum á frammistöðu nemenda. Upplýsingar um sjálfvirkni umskráningar eru mjög mikilvægar en sjálfvirknin er ein af meginforsendum þess að lesari geti einbeitt sér að innihaldi texta og skilið hann. Áhersla á að nemendur nái sjálfvirkni við umskráningu er því ekki úr lausu lofti gripin og mikilvægt að stefna að því að langflestir nemendur, í öllum árgöngum, nái meðalhraða í lestri (mælitala 10 og yfir).

## Mikilvægi góðs lestrarlags

Eins og áður segir metur lesfimiþrófið sjálfvirkni og nákvæmni við lestur en skv. skilgreiningu á lesfimiþröfn felur lesfimin einnig í sér tjáningu á efni texta, rétt hljómfall og mótun hendinga við lestur (sem saman mynda lestrarlag) og því mikilvægt að allir þættir séu metnir til að fá heildarmynd af lesfimi nemenda. Gott lestrarlag er jafnframt vísbending um skilning á efni texta því til að geta lesið hann með réttum áherslum og túlkað hann þarf skilningur að vera til staðar. Notkun matsrammans hjálpar nemendum að átta sig á mikilvægi góðs lestrarlags og brýnir fyrir þeim mikilvægi þess að huga að innihaldi texta í þágu eigin lesskilnings.

## Matsrammi fyrir lesfimi.

| Matsferill             |                                              | Matsrammi fyrir lesfimi                                                                             |                                                                                                       |                                                                                                 |                                                                                                |
|------------------------|----------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                        |                                              | Framfarirkerfi - 4 stig                                                                             | Góð ferfi - 3 stig                                                                                    | A rétti leið - 2 stig                                                                           | Þarfnast þjálfunar - 1 stig                                                                    |
| Tjáning                | ✓ Tjáning felur að merkingu                  | • Les textann með góðri tjáningu; hljómfalli, radstýrðum og radstíðum í samræmi við merkingu texta. | • Les yfirleitt með góðri tjáningu; hljómfalli, radstýrðum og radstíðum í samræmi við merkingu texta. | • Reynt að lesa með tjáningu; hljómfalli, radstýrðum og radstíðum í samræmi við merkingu texta. | • Hugar nær ekkert að tjáningu texta við lestur.                                               |
|                        | ✓ Radstýrður hljómfall og radstíðir við hafi | • Lestur dröggur.                                                                                   | • Lestur yfirleitt dröggur.                                                                           | • Lestur dröggur og radstýrður hljómfall.                                                       | • Radstýrður hljómfall og radstíðir við lestur.                                                |
| Sjálfráttir lestrar    | ✓ Lestur dröggur                             | • Lestur hljómar eðlilega og er auðskiljanlegur.                                                    | • Lestur hljómar yfirleitt eðlilega og er auðskiljanlegur.                                            | • Lestur hljómar yfirleitt eðlilega og er auðskiljanlegur.                                      | • Les orðin að því er vörð til þess eins að komna þeim frá sér.                                |
|                        | ✓ Lestur hljómar eðlilega                    |                                                                                                     |                                                                                                       |                                                                                                 |                                                                                                |
| Sjálfráttir lestrar    | ✓ Lestur sjálfvirkur                         | • Lestur sjálfvirkur; nemandi les nær öll orð á auðveldum og áhrifslæmum hátt.                      | • Lestur sjálfvirkur; nemandi les flest orð á auðveldum og áhrifslæmum hátt.                          | • Lestur sjálfvirkur og nemandi þarf að gæta til að lesa orð á auðveldum hátt.                  | • Les nær engin orð á auðveldum hátt og nemandi þarf að gæta til að lesa orð á auðveldum hátt. |
|                        | ✓ Lestur áhrifslæmur                         | • Les á auðveldum hátt og les orðin á auðveldum hátt.                                               | • Les á auðveldum hátt og les orðin á auðveldum hátt.                                                 | • Les á auðveldum hátt og les orðin á auðveldum hátt.                                           | • Les á auðveldum hátt og les orðin á auðveldum hátt.                                          |
| Hljómfall og hendingar | ✓ Lestur áhrifslæmur                         | • Lestur er hraður meðal við jafnvirði eða á mælitölunni 13-15.                                     | • Lestur er meðalhraður meðal við jafnvirði eða á mælitölunni 8-12.                                   | • Lestur er hraður meðal við jafnvirði eða á mælitölunni 5-7.                                   | • Lestur er mjög hraður meðal við jafnvirði eða á mælitölunni 1-4.                             |
|                        | ✓ Lestur áhrifslæmur                         |                                                                                                     |                                                                                                       |                                                                                                 |                                                                                                |
| Hljómfall og hendingar | ✓ Hendingar hafi langar                      | • Les nær allar í viðhengi hendingar og samhengi.                                                   | • Mótun hendinga yfirleitt góð en lestar áhrifslæmur.                                                 | • Les oft í hægri til þriggja orða hendingum.                                                   | • Les oft örfyrir orð, lestar áhrifslæmur og lítill áhrifslæmur.                               |
|                        | ✓ Lestur áhrifslæmur                         | • Hugar að hljómfalli og lestrarhljómfalli í samræmi við gæmsamarkjörningu.                         | • Hugar að hljómfalli og lestrarhljómfalli í samræmi við gæmsamarkjörningu.                           | • Hugar að hljómfalli og lestrarhljómfalli í samræmi við gæmsamarkjörningu.                     | • Hugar að hljómfalli og lestrarhljómfalli í samræmi við gæmsamarkjörningu.                    |
| Flæði                  | ✓ Flæði gott og lestarhljómfall              | • Flæði gott og lestarhljómfall.                                                                    | • Flæði gott og lestarhljómfall.                                                                      | • Flæði gott og lestarhljómfall.                                                                | • Flæði gott og lestarhljómfall.                                                               |
|                        | ✓ Lestur áhrifslæmur                         | • A hljómi er flæði gott og lestarhljómfall.                                                        | • A hljómi er flæði gott og lestarhljómfall.                                                          | • A hljómi er flæði gott og lestarhljómfall.                                                    | • A hljómi er flæði gott og lestarhljómfall.                                                   |
| Lestur áhrifslæmur     | ✓ Lestur áhrifslæmur                         | • Lestur áhrifslæmur.                                                                               | • Lestur áhrifslæmur.                                                                                 | • Lestur áhrifslæmur.                                                                           | • Lestur áhrifslæmur.                                                                          |
|                        | ✓ Lestur áhrifslæmur                         |                                                                                                     |                                                                                                       |                                                                                                 |                                                                                                |
| Lestur áhrifslæmur     | ✓ Lestur áhrifslæmur                         | • Nemandi lesið sig.                                                                                | • Nemandi lesið sig.                                                                                  | • Nemandi lesið sig.                                                                            | • Nemandi lesið sig.                                                                           |
|                        | ✓ Lestur áhrifslæmur                         |                                                                                                     |                                                                                                       |                                                                                                 |                                                                                                |

## Hvenær á að nota rammann?

Matsrammann ætti að nota reglulega yfir skólaárið í vinnu með nemendum. Fara þarf vel yfir öll hugtök í rammanum og nemandinn þarf að hafa skýra mynd af því hvað felst í færninni sem ramminn lýsir. Hann þarf að þekkja vel hvað átt er við með hugtökum eins og *tjáning*, *hljómfall*, *hendingar*, *sjálfvirkni*, *raddblær* o.s.frv. og fá næga þjálfun í öllum þáttum rammans.

Til að nemendur kynnist rammanum vel geta þeir unnið saman í litlum hópum þar sem þeir meta lestur hvers annars, í pörum eða að bekkurinn metur saman lestur kennara. Þá getur kennari gefið dæmi um lestur sem lýsir lestrarlagi nemanda sem á t.d. í erfiðleikum með flæði í texta, eða les án blæbrigða og skýrt þannig notkun og stigagjöf rammans. Þá getur einnig verið gott að taka lesturinn upp og leggja upptökuna til grundvallar umræðum um frammistöðu hvers og eins og til að geyma dæmi um vel heppnaðan raddlestur.

## Lesfimin metin

Til að fá heildarmynd af frammistöðu nemanda í lesfimi þarf að leggja fyrir hann lesfimiþróf Matsferils (sept./jan./maí) þar sem sjálfvirkni og nákvæmni eru metin og meta síðan tjáningu, hljómfall og mótun hendinga með matsrammanum fyrir lesfimi. Þannig fæst heildarmynd af stöðu lesfimi nemanda og upplýsingar um þá þætti hennar sem mögulega þarfnast þjálfunar.

Hægt er að meta alla þætti lesfiminna þegar lestur nemenda er orðinn nægilega sjálfvirkur til að þeir geti hugað að tjáningu, réttu hljómfalli og nýtt sér greinarmerki til að koma merkingu textans til skila við lestur. Þetta gerist ekki á sama tíma hjá öllum nemendum en huga þarf að kennslu og þjálfun allra þátta lesfiminna allt frá upphafi, t.d. með aðferðum endurtekis lestrar en margar slíkar má finna á [Læsisvefnum](#).

## Val á texta

Þar sem það getur verið nokkuð vandasamt að velja texta til að meta lesfimi er búið að taka saman safn texta sem kennarar geta notað þegar þeir meta nemendur sína. Textarnir eru á bilinu 100-250 orð og er þeim raða niður á stig þar sem færni nemenda er alla jafna misjöfn eftir aldri. Textunum innan stiganna er síðan raðað lauslega eftir þyngd út frá lengd málsgreina og hlutfalli langra orða í textanum.

Kennarar geta valið eigin texta en til að fá glöggan samanburð á frammistöðu nemenda er gott að nota sama textann fyrir meginþorra nemenda í hverri fyrirlögn. Texti sem er heppilegur til upplestrar:

- Býður upp á blæbrigðaríkan lestur.
- Þarf að vera samfelldur að hluta til.
- Þarf að innihalda samtöl að hluta til eða vera 1. persónu frásögn.
- Þarf að vera á góðri og lipurri íslensku.
- Þarf að mestu að vera laus við slangur og slettur nema hvort tveggja sé hluti af máli sögupersónu.
- Tekur mið af meðalfærni nemenda í hverjum árgangi hvað þyngd varðar.
- Þarf að hæfa aldri og vekja áhuga.

Leggja má þyngri texta fyrir nemendur með góða umskráningarfærni og léttari fyrir nemendur sem eru að glíma við lestrarerfiðleika. Lykilatriði er að kenna, þjálfar og meta alla þætti lesfímínnar hjá öllum nemendum reglulega.

Til að fá sem réttasta mynd af lestrarfærni nemandans er aðeins gert ráð fyrir að hann fái að renna einu sinni í gegnum textann fyrir prófið til að átta sig á innihaldi hans. Því er mikilvægt að ramminn sé vel kynntur fyrir nemendum, að þeir þekki mjög vel hvers konar hæfni þeir þurfa að búa yfir og hafi fengið tækifæri til að vinna með einstaka þætti rammans á markvissan hátt áður en matið fer fram eins og áður segir. Rammann þarf einnig að kynna með sambærilegum hætti fyrir foreldrum en upplýsingafundir að hausti eða námskeið um hlutverk og ábyrgð forráðamanna í lestrarnámi barna gætu verið heppilegur vettvangur fyrir kynningu af þessu tagi.

## Framkvæmd við mat

1. Kennari velur 100–200 orða texta sem býður upp á tjáningarríkan lestur.
2. Kennari ljósritar eða afritar einn ramma fyrir hvern nemanda sem á að meta.
3. Kennari og nemandi koma sér fyrir í næði þar sem vel fer um báða.
4. Nemandinn fær tækifæri til að lesa textann einu sinni yfir í hljóði, eða í lágum hljóðum fyrir sjálfan sig, til að átta sig á innihaldi hans.
5. Kennarinn gefur nemanda eftirfarandi fyrirmæli: **Nú átt þú að lesa þennan texta upphátt þannig að lesturinn hljómi vel og merking hans komist til skila. Þú mátt byrja þegar þú ert tilbúin/n.**
6. Kennari hlustar á lestur nemandans og merkir inn á kvarðann í samræmi við frammi-stöðu hans.
7. Kennari ræðir við nemandann um frammistöðu hans og útskýrir hvað tókst vel og hvar sóknarfærin eru. Ræða má framtíðaráherslur í þjálfun en á *Læsisvefnum* má finna umfjöllun um [markmiðssetningu í lestri](#) sem hægt er að nýta fram að næsta mati.
8. Matsramminn er sendur heim svo nemendur og forráðamenn geti farið yfir hann í sameiningu en ramminn getur einnig legið til grundvallar umræðu um stöðu lesfími í námsviðtali eftir annarmat.



## Skil á námsmati í lesfimi

Það er nokkuð misjafnt eftir skólum hvernig þeir háttu skilum á námsmati í lestri en þegar formleg skil eiga sér stað með foreldraviðtali ætti útfylltur matsrammi fyrir lesfimi að fylgja með þar sem hann veitir ítarlegri upplýsingar um stöðu nemandans. Það gefur betri heildarmynd af lestrarfærni nemandans en aðeins upplýsingar um fjölda rétt lesinna orða á mínútu eða mælitala. Ákveðið samspil er milli þessara matstækja og getur matsramminn fyrir lesfimi veitt mikilvægar upplýsingar um ástæður slaks gengis á lesfimiþrófi þar sem hann tilgreinir með nákvæmari hætti hvar færni kunni að vera ábótavant. Með því að nota matsrammann fá kennarar því betri upplýsingar um stöðu nemenda og geta því gripið inn í með markvissari hætti með kennslu og þjálfun.

Það ætti alltaf að taka umræðu um stöðu lesskilnings nemanda samhliða umræðu um frammistöðu hans í lesfimi því markmið lestrarkennslu á alltaf að vera það að nemandi geti lesið sér til gagns og ánægju. Í þeim tilvikum sem stuðningsprófin (lestur orðleysis og mat á sjónrænum orðaforða) hafa verið lögð fyrir þurfa upplýsingar um frammistöðu nemenda á þeim prófum að fylgja einnig með.

## Læsisvefurinn

Á Læsisvefnum, undir fellilistanum [Lesfimi](#), má finna ýmsar aðferðir og hugmyndir til að vinna með alla þætti lesfiminna en eins og áður segir er mikilvægt að huga að öllum þáttum hennar en ekki eingöngu leshraða. Kennarar ættu að gefa sér góðan tíma til að kynna sér aðferðirnar og veita nemendum tækifæri til að tileinka sér þær með því að nota þær oft og markvisst til að auka lestrarfærni sína. Með notkun fjölbreyttra aðferða er jafnframt líklegt að lestrarnámið verði merkingarbærara og skemmtilegra í huga nemenda og líkur á að kennara takist að koma betur til móts við þarfir allra nemenda. Sumar aðferðirnar má nota til að þjálfa fleiri en einn þátt lesfiminna.



## Yfirlit yfir þjálfunaraðferðir vegna lesfimi á Læsisvef.

| Matsþáttur             | Heiti aðferðar                                                                                                                           |
|------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Tjáning                | Kórlestur (bergmálslestur)<br>Lestur með ólíkum röddum<br>Greinarmerkin<br>Samlestur<br>Útvarpsleikhús                                   |
| Sjálfvirkni lestrar    | Kórlestur (margar aðferðir)<br>Endurtekinn lestur með félaga<br>Samþætt lesfimikennsla<br>Eitt skref í einu<br>Æfingin skapar meistarann |
| Hljómfall og hendingar | Endurtekinn lestur með félaga<br>Mótun hendinga<br>Vinalestur                                                                            |
| Flæði                  | Greinarmerkin<br>Samlestur<br>Vinalestur                                                                                                 |

## Niðurlag

Til að fá heildarmynd af stöðu lesfimi nemenda er lykilatriði að leggja fyrir lesfimiprófið í Matsferli **og** meta lestur nemenda með matsrammanum fyrir lesfimi enda skipta allir fjórir þættir lesfiminna máli fyrir lestrarfærni og lesskilning. Mikilvægt er að leggja bæði niðurstöður úr lesfimiprófi Matsferils og matsrammanum til grundvallar umræðu um stöðu nemanda í lesfimi þegar skil á námsmati eiga sér stað.

Einn kostur við notkun rammans er sá að hann gefur tilefni til aukinnar fjölbreytni í lestrar-kennslu og þjálfunar fleiri þátta en aðeins leshraða. Jafnframt eru miklar líkur á að notkun fjölbreyttra lestrarkennsluaðferða leiði til aukins árangurs sem og áhuga á lestri. Lestrarkennsla á öllum stigum verður því að fá gott svigrúm innan stundarskrár þar til allir nemendur hafa náð eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til.

Textasafn

**Úr bókinni *Rúnar góði* eftir Hönnu Borg Jónsdóttur og Heiðdís Helgadóttur**

Mamma er búin að vera með svolítið  
stóran maga í margar vikur núna.

Fyrst hélt Rúnar að hún hefði kannski  
gleypst geimveru en svo var maginn  
ennþá stærri og þá fannst Rúnari  
það ekki geta verið, hann er nefnilega  
viss um að geimverur séu pínulitlar.

Svo sögðu mamma og pabbi honum  
að lítið barn væri að vaxa þarna inni.

Lítið barn!

Fyrst var barnið bara pínu, pínu þons  
en það er alltaf að borða það  
sem mamma borðar og þess vegna  
verður það alltaf stærra og stærra.

Rúnar er meira að segja búinn að  
sjá lítinn fót sparka í bumbuna  
hennar mömmu.

Litla barnið hlýtur að vilja  
komast út!

Rúnar er viss um að það hljóti  
að fara að verða tilbúið,  
annars springur mamma!

### Úr bókinni *Draugasúpan* eftir Sigrúnu Eldjárn

Hróa líst alls ekki vel á að fara inn í skóg.

Það er tekið að skyggja og dauf dagsbirtan

kemst varla í gegnum laufþykknið.

En Harpa skálmar ótrauð áfram

og Hrói reynir að halda sig sem

allra næst henni.

„Nei sko, hvað er nú þetta?

hrópar hún allt í einu upp yfir sig

og hleypur inn í skógarrrjóður.

Hrói tekur viðbragð

og hleypur á eftir henni.

Hann ætlar sko ekki

að týna Hörpu aftur.

Sérstaklega ekki hér inni

í þessum dimma skógi.

„Nú vorum við aldeilis ljónheppin,“

segir Harpa og geislar af ánægju.

„Við höfum ekki bara fundið mig,

heldur líka þennan stórfína pott!“

**Úr bókinni *Kopareggið* eftir Sigrúnu Eldjárn**

Eftir þó nokkra leit finnur hún hann loksins þar sem hann situr á steini ekki langt frá leynikjallaranum og raðar saman nokkrum misstórum tannhjólum. Hann er djúpt hugsi. Söldís er ekki alveg viss um að það borgi sig að trufla hann. En þegar hann kemur skyndilega auga á hana færist breitt bros yfir andlit hans. „Elsku Söldís mín,“ segir hann og breiðir út faðminn. „En gott að sjá þig! Hvað ertu að bralla þessa dagana?“

Söldís verður svo himinlifandi glöð að hitta pabba sinn að það munar engu að hún missi það út úr sér að hún sé búin að eignast nýjan vin. En á síðustu stundu nær hún að bíta í tunguna á sér. Hún ætlar sko ekki að kjafta frá!

„Sjáðu, pabbi!“ Hún opnar bókina þar sem hún hefur merkt við með stóru laufblaði og sýnir honum. „Viltu búa til svona reið hjól, pabbi?“ Hún hugsar sig um og flýtir sér síðan að bæta við: „En ... ekki hafa þau neitt *mjög* reið því þá verð ég bara mjög hrædd! Kannski er betra að þú búir frekar til glöð hjól.“ Hún horfir vonaraugum á pabba sinn á meðan hann virðir fyrir sér myndina í bókinni.

**Úr bókinni *Langelstur að eilífu* eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur**

Næstu daga fær Eyja símtöl frá ömmu og afa sem óska henni til hamingju. Um leið er eins og bumban hennar mömmu tvöfaldist að stærð. Eyju finnst skrítið að hugsa til þess að þar inni leynist lítið systkini. Hún á líka bágð með að trúa því að einu sinni hafi hún sjálf komist þar fyrir.

„Verður bumban nokkuð mikið stærri?“ spyr hún og horfir rannsakandi á mömmu sem stendur á hlið í dyragættinni.

„Ha? Finnst þér hún stór? Ég er rétt hálfnuð með meðgönguna,“ segir mamma og hlær. Svo sýnir hún Eyju með höndunum hvað bumban varð risavaxin þegar hún gekk með Eyju fyrir sjö árum.

„Vó,“ missir Eyja út úr sér. „Þú átt örugglega eftir að detta fram fyrir þig!“

„Vonandi ekki,“ kímur mamma. „Viltu finna litla bróður sparka?“

„Ég er að verða of sein í skólann,“ segir Eyja í flýti. Því næst grípur hún nestisboxið og gengur frá því í töskuna. Hún kveður mömmu sem stendur eftir með aðra höndina á mjöðminni og lætur hina hvíla á maganum.

**Úr bókinni *Dularfulla símahvarfið* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur**

Hildur lá í sófanum og horfði á myndband í símanum sínum. Katla smeygði sér við hliðina á henni og reyndi að sjá á skjáinn. „Farðu,“ sagði Hildur og ýtti við henni. „Þetta er bannað innan tíu ára.“

„Ég er alveg að verða tíu,“ mótmælti Katla. Hildur hnussaði. „Það eru tvö ár í það.“

„Eitt og hálf,“ leiðrétti Katla. „Og þá fæ ég síma eins og þú.“

Hildur sneri sér snöggt undan og grúfði sig ofan í símann.

Katla andvarpaði. „Ég hef ekkert að gera,“ kvartaði hún.

Hildur svaraði með því að stinga símanum ofan í hálsmálið svo að Katla sæi örugglega ekki neitt.

„Þetta er leiðinlegasti laugardagur sem ég hef lifað,“ stundi Katla.

Höfuðið á Hildi hvarf ofan í hálsmálið á hettupeysunni. Það var eins og kominn væri nýr grár púði í stofusófann. Púði sem tónlist, óp og skellir heyrðust frá. Kötlu dauðlangaði að vita hvað systir hennar var að horfa á.

„Má ég fara í leik í símanum þínum?“ kallaði Katla til pabba, sem stóð við eldhúsborðið. Hann var að skera niður grænmeti fyrir hádegismatinn.

„Það er því miður ekki hægt,“ svaraði pabbi og saxaði gulrót. „Ég er búinn að týna símanum mínum.“

**Úr bókinni *Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins* eftir Snæbjörn Arngrímsson**

Ég tók andköf.

„Þetta er sama merki ... sama hauskúpa, sami borði, þetta er alveg eins og merkið á bréfinu í kistlinum ...“

Mér var erfitt um mál. Mér fannst þungt að anda. Það fylgdist einhver með mér; það var einhver sem fylgdist með okkur!

„Hver setur pakka upp í tré? Furðulegur staður og stórfurðuleg aðferð til að afhenda gjöf. En hann er til þín. Viltu ekki opna og sjá hvað er í öskjunni?“ Guðjón G. Georgsson horfði spyrjandi á mig.

„Nei, ég vildi ekki sjá þetta. Það er einhver sem veit af okkur og veit að við höfum verið fyrir innan hliðið. Það er einhver sem fylgist með okkur. Þessi pakki er gildra!“

Ég nánast hrópaði. Ég kærði mig ekki um þessa sendingu. Þessa gjöf.

„Ég opna bara,“ sagði Guðjón G. Georgsson. Forvitni hans var óslökkvandi. Sennilega hélt hann að einhver verðmæti leyndust í pakknum. „Þú skalt ekki vera svona æst. Þetta er allt í lagi, ég opna bara pakkann. Það gerist ekkert.“

Hann greip báðum höndum utan um öskjuna og gerði tilraun til að lyfta lokinu en það stóð á sér. Það var sama hvað hann reyndi, lokið bifaðist ekki.



**Úr bókinni *Ríkey ráðagóða* eftir Eyrúnu Ingadóttur**

Ég ætla að verða sjómaður þegar ég verð stór, kaupa flottan bát og fara á veiðar á hverjum degi með afa sem segir að ég sé sinn besti aðstoðarmaður og ráðgjafi. Reyndar segir afi í Fjöru að góð ráð séu dýr en ég segi að þau séu rándýr. Alltaf þegar hann er í vandræðum klórar hann sér í skallanum og tautar:

„Nú eru góð ráð dýr!“

„Húsdýr eða rándýr?“ spyr ég þá en hann heldur bara áfram að gera við gamla bátinn sinn eða bjarga málum. Svo svarar hann annars hugar:

„Já, Ríkey ráðagóða, þau eru rándýr, sérstaklega hjá Huga viðgerðarmanni.“

Kannski tölum við ekki alveg um sama hlutinn enda talar afi fornmaal! Samt skiljum við hvort annað mjög vel.

Afi í Fjöru er skemmtilegasti karl sem ég þekki en hann er samt ekki sá fallegasti. Hann er sköllóttur, með grátt yfirvaraskegg og er með nokkrar tennur sem eru gulbrúnar því hann notaði munntóbak í mörg ár. Nú tekur hann í nefið í staðinn og er alltaf með svört korn í skegginu. Ekki mjög fallett!

## Úr bókinni *Nornasaga 2* eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur

Um miðja jólanótt hrökk ég upp við högg. Dótið í hillunni hjá mér skalf. Var þetta martröð? Ég átti það til að festast inni í vondum draumum og hélt oft að ég væri vöknuð en reyndist svo aldeilis ekki vera það.

„Hvað er að gerast?“ kallaði Kári niðri. Mig var ekki að dreyma. Hristingurinn fjaraði út. Ég dreif mig fram úr rúminu og niður í eldhús. Þar stóð mamma Ugla við útvarpstækið með systur mína í fanginu.

Mamma Þórdís sópaði saman glerbrotum neðan við opinn glasaskápinn.

***Öflugur jarðaskjálfti reið yfir á slaginu þrjú, glumdi í útvarpinu. Áhrif hans mátti finna alla leið til höfuðborgarsvæðisins. Almannaþingurinn hafa verið kallaðar til. Talið er að upptökin liggi undir Hallmundarhrauni í námunda við Surtshelli. Ekki er vitað um tjón að svo stöddu.***

„Sko þetta var ekki jólakötturinn,“ sagði mamma Ugla við Kríu. „Þetta var jarðskjálfti.“

„Hann var örugglega fimm að stærð,“ sagði mamma Þórdís við Kára, sem hlammaði sér við borðið með bókina *Steinarnir tala*.

Mér varð hugsaði til Mána. Skyldi hann koma hlaupandi og kenna mér um þetta líkt og ljósa-sprenginguna miklu? Ég hálfvonaði það.

Fjölskyldan endaði á að setjast saman við eldhúsborðið til að fylgjast með fréttum. Við kveiktum kertaljós og hámuðum í okkur afgang af jólagrautnum. Þetta var eiginlega hátíðlegri stund en sjálft aðfangadagskvöld enda hafði það mislukkast hrápallega. Þegar klukkan var loksins orðin nógu margt til að ég gæti bankað upp á hjá Mána klæddi ég mig í úlpuna. Í þetta sinn hafði ég vit á að fara í kuldaskó.

**Úr bókinni *Iðunn og afi pönk* eftir Gerði Kristnýju**

Einu sinni var ekkert til. Ekki jörðin, ekki Mosfellsbær og ekki ég. Það var bara til myrkur og hnettir sem þutu um geiminn. Þetta hefur varla verið skemmtilegur heimur. Eins gott að ég birtist ekki fyrr en búið var að finna upp jörðina og Mosfellsbæinn. Og auðvitað afmælisdaga! Það var engu líkt að vakna heilu ári eldri en maður var þegar maður sofnaði. Ég var orðin ellefu ára!

„Til hamingju, elsku Iðunn okkar!“ sögðu pabbi og mamma nokkuð samtaka þegar ég kom fram í eldhús. Þau höfðu greinilega æft sig. Þegar söngnum var lokið rétti mamma mér fallegan reið-hjólahjál: „Görðu svo vel!“ sagði hún. Ég festi á mig hjálminn og stillti hann svo hann passaði.

„Þótt himnarnir hryndu fyndirðu ekki fyrir því,“ sagði pabbi og bankaði á hjálminn.

„Takk! Hann er æðislegur!“ sagði ég ofurglöð. Bankið hljómaði eins og krummarnir sem ég heyrði í uppi á þaki þegar ég gisti heima hjá Maríu Söru vinkonu minni og mömmu hennar. Þá sofnuðum við út frá því sem ég kallaði krummafætur en María Sara kallaði hrafnaspark. Þótt við værum ekki alltaf sammála vorum við himingóðar vinkonur.

Ég var auðvitað með hjálminn á hausnum á meðan ég borðaði afmælistúffur í morgunmat með pabba og mömmu. Ég hafði heyrt að krakkar gætu fengið sykursjokk og ekki vildi ég meiða mig ef ég dytti sykursjokkeruð af stólnum.

**Úr bókinni *Þrettán* eftir Friðrik Erlingsson**

Mér finnst hver hreyfing koma upp um mig. Ef mér verður það á að kyngja í miðjum skriftartíma þegar þögnin grúfir yfir bekknum, finnst mér eins og allir heyri það, og ekki nóg með það, heldur finnst mér allir heyra á því hvernig ég kyngi, að ég sé ástfanginn af Klöru. Ein vipra í andlitinu getur komið upp um mig. Ég verð að leggja hart að mér að fela þessi augljósu merki ástar minnar, þessa litlu hluti sem geta ljóstrað öllu upp ef ég held mér ekki í skefjum.

„Ertu nokkuð að fá flensuna?“ spyr Pétur á heimleið úr skóla.

„Af hverju heldurðu það?“

„Þú ert alltaf eitthvað svo slappur.“

„Já. Það,“ segi ég. „Það er ekkert.“

Svo tölum við ekki meira um það.

Innra með mér er ég ein rauðglóandi tilfinning. Eða eins og búr fullt af tístandi smáfuglum og stundum get ég ekki sofnað fyrir látunum í þeim. Þá fer ég fram úr og sest við skrifborðið í náttfötunum, sæki litlu stílabókina og fæ útrás í ljóði undir vökulu augnaráði og þöndum vængjum Kristjáns níunda.

*Ég elska þig og ekkert fær því breytt.*

*Allt sem áður var er ekki neitt.*

*Í draumi verð ég nálægt þér í nótt,*

*En nóttin líður allt of, allt of fljótt.*

**Úr bókinni *Rotturnar* eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur**

Hildisif leit til bræðra sinna þar sem þeir sátu með heyrnartólin og störfðu einbeittir á skjáinn sinn, báðir í eigin heimi. Litrík, ferköntuð veröldin sem Sigurður eyddi óteljandi stundum í að raða saman blasti við á skjánum hans en tölvuskjár Atla var fullur af furðulegum táknum sem komu og fóru eftir því hvaða glugga hann kallaði fram. Hildisif var löngu hætt að spyrja Atla hvað hann væri að bralla. Það hafði sýnt sig að best var að vita sem minnst.

„Ertu búinn að sjá hvað landslagið er flott?“ spurði hún og potaði í Sigurð. Litli bróðir hennar kipptist til og leit pirraður til hennar áður en hann dró annað heyrnartólið af eyranu.

„Hvað?“ spurði hann ergilegur.

„Ertu búinn að sjá? Það er klikkað flott útsýni yfir Austfirðina út um gluggann,“ sagði hún og benti. Sigurður ranghvolfdi í sér augunum.

„Hildisif, mér er alveg sama. Ég hef oft séð landslag áður.“

Hildisif andvarpaði og leit til Atla sem hristi höfuðið án þess að líta til hennar.

Hildisif brosti með sjálfri sér. Þó svo að heyrnartól Atla útilokuðu nánast öll umhverfishljóð vissi hann samt hvers hún ætlaði að spyrja. Svona hafði samband þeirra tveggja alltaf verið.

**Úr bókinni *Vertu ósýnilegur: Flóttasaga Ishmaels* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur**

Það er öngþveiti á sjúkrahúsinu, blóðugt og slasað fólk bíður á ganginum, grátandi börn þakin steinryki, hrópandi manneskjur að kalla eftir aðstoð fyrir ástvini. Þetta er eina sjúkrahúsið sem ekki hefur verið sprengt í austurborginni. Þeir afi og Ishmael sitja lengi frammi og bíða þess að fá aðstoð. Loks kemur hjálparliði og beinir þeim inn í litla stofu. Hann aðstoðar Ishmael við að setjast upp á bekk og vindur varlega ofan af svörtu slæðunni sem kona bakarans batt um handlegginn. Ishmael finnur skerandi verk þegar hann hreyfir brotinn útlimin, sársauka sem honum finnst samt fjarlægur, eins og hann tilheyri öðrum en honum sjálfum. Þess vegna veinar Ishmael ekki, en situr bara og starir fram fyrir sig á meðan tárin renna stjórnlaust. Ekkinn er taktfast soughljóð, eins og pumpan fyrir hjólið hans sem liggur núna undir ruslinu af heilu fjölbýlishúsi. Sársaukinn minnkar töluvert þegar handleggurinn verður stöðugur í gífsi sem steyppt er utan á hann. Því næst skipar sjúkraliðið Ishmael að fara úr buxunum. Hann rannsakar sárið á lærleggnum og býr svo um það með grisjum og plástrum.

„Svona, vinur. Skurðurinn er grunnur. Þetta grær vonandi fljótt og vel. Haltu sárinu hreinu. Þú ert heppinn,“ segir hann og klappar drengnum á kollinn. Ishmael stígur niður af bekknum og haltrar fram. Hann á enn eftir að finna út úr því hvernig á því stendur að hann er heppinn.

# Matsferill

## Matsrammi fyrir lesfimi

|                                                                                                                                                                              | Framúrskarandi færni – 4 stig                                                                                                                                                                                                                                                                               | Góð færni – 3 stig                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Á réttri leið – 2 stig                                                                                                                                                                                                                                                                            | Þarfnast þjálfunar – 1 stig                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Tjáning</b><br>✓ <b>Tjáning fellur að merkingu</b><br>✓ <b>Raddstyrkur, hljómfall og raddblær við hæfi</b><br>✓ <b>Lestur öruggur</b><br>✓ <b>Lestur hljómar eðlilega</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Les textann með góðri tjáningu; hljómfall, raddstyrkur og raddblær í samræmi við merkingu texta.</li> <li>Lestur öruggur.</li> <li>Lestur hljómar eðlilega og er auðskiljanlegur.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                | <ul style="list-style-type: none"> <li>Les yfirleitt með góðri tjáningu; hljómfall, raddstyrkur og raddblær stundum í samræmi við merkingu texta.</li> <li>Lestur yfirleitt öruggur.</li> <li>Lestur hljómar yfirleitt eðlilega og er auðskiljanlegur.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Reynir að lesa með tjáningu; hljómfall, raddstyrkur og raddblær sjaldan í samræmi við merkingu texta.</li> <li>Lestur óruggur og raddstyrkur lítill.</li> <li>Einbeitir sér fyrst og fremst að því að lesa orðin rétt.</li> </ul> <input type="checkbox"/> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hugar nær ekkert að tjáningu texta við lestur.</li> <li>Raddstyrkur lítill og lestur eintóna.</li> <li>Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                    |
| <b>Sjálfvirkni lestrar</b><br>✓ <b>Lestur sjálfvirkur</b><br>✓ <b>Lestur áreynslulaus</b><br>✓ <b>Leshraði hæfir texta</b>                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur sjálfvirkur; nemandi les nær öll orð án umhugsunar og áreynslulaust.</li> <li>Les á stöðugum talmálshraða og leshraði í samræmi við eðli texta.</li> <li>Lestur er hraður miðað við jafnaldra eða á mælitölubílinu 13–19.</li> </ul> <input type="checkbox"/> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur að mestu sjálfvirkur; nemandi les flest orð án umhugsunar og áreynslulaust.</li> <li>Óregla í hraða lestrar þar sem talmálshraði og hægur lestur skiptast á.</li> <li>Lestur er meðalhraður miðað við jafnaldra eða á mælitölubílinu 8–12.</li> </ul> <input type="checkbox"/> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestur ósjálfvirkur og nemandi þarf að gera hlé á lestri til að þekkja orð.</li> <li>Lestur fremur hægur.</li> <li>Lestur er frekar hægur miðað við jafnaldra eða á mælitölubílinu 5–7.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                | <ul style="list-style-type: none"> <li>Les nær engin orð á sjálfvirkan hátt og verður að gera mörg hlé á lestri til að kveða að orðum.</li> <li>Lestur mjög hægur og áreynslumikill.</li> <li>Lestur er mjög hægur miðað við jafnaldra eða á mælitölubílinu 1–4.</li> </ul> <input type="checkbox"/> |
| <b>Hljómfall og hendingar</b><br>✓ <b>Hendingar hæfilega langar</b><br>✓ <b>Lestrarhlé og hljómfall í samræmi við greinarmerkjasetningu</b><br>✓ <b>Lestur áheyrilegur</b>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Les nær alltaf í viðeigandi hendingum og setningarhlutum.</li> <li>Hugar að hljómfalli og lestrarhlé í samræmi við greinarmerkjasetningu.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                                                        | <ul style="list-style-type: none"> <li>Mótun hendinga yfirleitt góð en lestur stundum rykkjóttur.</li> <li>Hugar að hljómfalli og lestrarhlé yfirleitt í samræmi við greinarmerkjasetningu.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                                                              | <ul style="list-style-type: none"> <li>Les oft í tveggja til þriggja orða hendingum.</li> <li>Lestur rykkjóttur.</li> <li>Hljómfall sjaldan eðlilegt og gerir hlé á lestri við greinarmerki.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                                  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Les oft orð fyrir orð, lestur eintóna og lítill tilfinning fyrir mörkum hendinga.</li> <li>Hljómfall óeðlilegt og lestrarhlé við greinarmerki löng.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                                       |
| <b>Flæði</b><br>✓ <b>Flæði gott og lestur fyrirhafnarlaus</b><br>✓ <b>Lestur nákvæmur</b><br>✓ <b>Lítið um hik</b><br>✓ <b>Nemandi leiðréttir sig</b>                        | <ul style="list-style-type: none"> <li>Nær öll orð rétt lesin.</li> <li>Flæði gott og fá hik í lestri.</li> <li>Á í litlum erfiðleikum með að lesa löng og sjaldgæf orð eða flóknar málsgreinar og leiðréttir sig strax.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                | <ul style="list-style-type: none"> <li>Flest orð rétt lesin.</li> <li>Flæði yfirleitt gott en stöku hik í lestri.</li> <li>Á sjaldan í erfiðleikum með lestur langra og sjaldgæfra orða og flókinna málsgreina. Erfiðleikar hindra heilt á litið ekki flæði texta.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                       | <ul style="list-style-type: none"> <li>Á í erfiðleikum með að lesa sum orð rétt.</li> <li>Hikar þegar löng og sjaldgæf orð koma fyrir sem hefur áhrif á heildarflæði textans.</li> </ul> <input type="checkbox"/>                                                                                 | <ul style="list-style-type: none"> <li>Þarf mikla aðstoð vegna ónákvæms lestrar (t.d. lestrarhlé löng, erfiðleikar við að hefja lestur málsgreina og gerir tilraunir til að hljóða sig í gegnum orð).</li> <li>Áttar sig ekki á villum sem hann/hún gerir.</li> </ul> <input type="checkbox"/>       |

## Til foreldra og forsjáraðila

Matsrammanum er ætlað að veita nemendum og forsjáraðilum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa vera í kennslu og þjálfun lesfimi. Matsramminn lýsir því jafnframt vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi.

Ramminn skiptist í fjóra þætti: a) Tjáning, b) Sjálfvirkni lestrar eða leshraði, c) Hljómfall og hendingar og d) Flæði. Með því að skoða rammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi.

Ramminn sýnir glöggð að leshraði og nákvæmni, sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiþrófi og sett fram í mælitölu, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálfar og meta alla þætti lesfiminna.

Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna og þjálfar lesfimi markvisst og vel.

Þegar kennari hefur lokið við matið má senda það heim svo nemendur og forsjáraðilar geti farið saman yfir það og rætt stöðuna. Hafa þarf í huga aldur og þroska nemanda þegar frammistaða hans er rædd, að leggja áherslu á það sem vel er gert og muna að framfarir eru ekki síst háðar góðri lestrarkennslu í skóla, reglubundinni þjálfun heima og tækifærum til að iðka lestur og njóta í margvíslegum tilgangi. Hér eru dæmi um spurningar sem hægt er að ræða:

- Hvað gekk vel hjá mér?
- Hvar þarf ég að bæta mig?
- Hvað þarf ég að gera til að bæta árangur minn?
- Hvaða markmið get ég sett mér fyrir næsta lesfimimat?

Læsisvefurinn ([www.laesisvefurinn.is](http://www.laesisvefurinn.is))

Á *Læsisvefnum* má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um lesfimi.

## Kvarði

Þegar mat fer fram hakar kennari í þann reit rammans sem lýsir frammi-stöðu nemandans á hverjum matsþætti fyrir sig.

Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og raðast hann inn á bil sem sjást hér fyrir neðan. Nemandi sem fær átta stig úr rammanum fær þá umsögnina *Lesfimi nemanda er á réttri leið en þjálfar þarf einstaka þætti hennar betur*.

| Fjöldi stiga | Umsögn                                                                        |
|--------------|-------------------------------------------------------------------------------|
| 4–6 stig     | Nemandi þarf þjálfun í flestum þáttum lesfiminna.                             |
| 7–11 stig    | Lesfimi nemanda er á réttri leið en þjálfar þarf einstaka þætti hennar betur. |
| 12–16 stig   | Nemandi hefur náð fullnægjandi tökum á lesfimi út frá viðmiðum fyrir aldur.   |

## Mat á lesfimi

|                  |  |
|------------------|--|
| Heiti texta      |  |
| Dagsetning mats  |  |
| Bekkur           |  |
| Nafn             |  |
| Stigafjöldi      |  |
| Mér sýnt/kvittað |  |



## Heimildaskrá

- Benjamin, R. og Schwanenflugel, P.J. (2010). Text complexity and oral reading prosody in young readers. *Reading Research Quarterly*, 45(4), 388–404.
- Hasbrouck, J. og Glaser, D.R. (2018). *Literacy leadership brief: Reading fluently does not mean reading fast*. Newark: International Literacy Association.
- Helga Sigurmundsdóttir (2011). Að þjálfra lesfimi. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 93–128). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.
- Kuhn, M. (2008). *The hows and whys of fluency instruction*. Boston: Allyn og Bacon.
- Kuhn, M. R., Schwanenflugel, P. J., og Meisinger, E. B. (2010). Aligning theory and assessment of reading fluency: Automaticity, prosody, and definitions of fluency. *Reading Research Quarterly*, 45(2), 230–251.
- Rasinski, T. V. (2004). *Assessing reading fluency*. Honolulu: Pacific Resources for Education and Learning.
- Raskinski, T. V. (2010). *The fluent reader: Oral and silent reading strategies for building fluency, word recognition and comprehension 2*. útg. New York: Scholastic.
- Raskinski, T. V., Rikli, A. og Johnston, S. (2009). Reading fluency: More than automaticity? More than a concern for the primary grades? *Literacy Research and Instruction*, 48(4), 350–361.
- Rasinski, T. V. og Smith, M. C. (2018). *The megabook of fluency: Strategies and texts to engage all readers*. Scholastic.
- Rasinski, T., Yldirim, K. og Nageldinger, J. (2011). Building fluency through the phrased text lesson. *The Reading Teacher*, 65(4), 252–255.
- Stahl, A. S. og Heubach, K. M. (2005). Fluency-oriented reading instruction. *Journal of Literacy Research* 37(1), 25–60.
- Zutell, J. og Raskinski, T. V. (1991). Training teachers to attend to their students' oral reading fluency. *Theory to practice*, 30(3), bls. 211–217.



Miðstöð menntunar  
og skólapjónustu

2353